



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 17. nóvember 2017

### Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Lykli fjármögnun hf. (áður Lýsing hf.).

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Lykli fjármögnun hf. (hér eftir félagið) í janúar 2017.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verðmat félagsins á lausafjármunum í kjölfar vörslusviptingar væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Kannað var hvort viðskiptavinir njóti góðs af því þegar lausafjármunur er seldur á hærra verði en matsverði samkvæmt uppgjöri, með tilliti til 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.<sup>1</sup>

Fjármálaeftirlitið skoðaði viðeigandi verkferla hjá félaginu og tók úrtak kaupleigusamninga vegna einstaklinga sem fengu uppgjörssreikninga í kjölfar vörslusviptinga á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í nóvember 2017 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram. Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við þá aðferðafræði sem tilgreind er í skuldaskjölum félagsins, sem felst í heimild félagsins til þess að lækka metið uppítökuverð bifreiða samkvæmt Bíló kerfinu<sup>2</sup> um allt að 15%, auk heimildar félagsins til að draga frá áætlaðan viðgerðarkostnað samkvæmt niðurstöðu ástandsskoðunar, auk 3% sölulauna og annars kostnaðar samkvæmt samningi. Að mati Fjármálaeftirlitsins er heimild félagsins til þess að lækka metið uppítökuverð um allt að 15% frá uppítökuverði Bíló kerfisins, til viðbótar við þá frádráttarliði sem nefndir eru hér að ofan, ekki í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þess ber þó að geta að í þeim tilvikum sem úrtak Fjármálaeftirlitsins náði til nýtti félagið sér ekki heimild til þess að lækka metið uppítökuverð um allt að 15%. Við athuginina kom fram að félagið hyggst endurskoða umrætt samningsákvæði í bílasamningum við neytendur og fella brott 15% frádragið, en þess í stað tiltaka að greiddur skuli nánar tilgreindur kostnaður sem verður til hjá félaginu vegna vanefnda á samningi.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að í fjórum tilvikum var heiti þeirra kostnaðarliða sem til frádráttar koma í uppgjöri til viðskiptavina, ekki sett fram á skýran

<sup>1</sup> Nú hafa tekið gildi nýjar reglur um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 672/2017.

<sup>2</sup> Bíló kerfi Bílgreinasambandsins heldur utan um seldar bifreiðar hjá bílaumboðum. Út frá þeim upplýsingum er fundið út viðmiðunarverð bifreiða. Uppítökuverð er verð bifreiða að teknu tilliti til affalla/afskrifta frá viðmiðunarverði.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

og skiljanlegan hátt. Við athugunina kom fram að félagið mun bregðast við og reyna að tryggja slíkt eins og kostur er.

Fjármálaeftirlitið setti einnig fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur að betur megi fara.

Þar ber helst að nefna að Fjármálaeftirlitið kom því á framfæri við félagið að samkvæmt mati eftirlitsins samrýmist það eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum að skuldari njóti góðs af því sé um það að ræða að bifreið sé seld á hærra verði en félagið mat hana á í uppgjöri til skuldara, að teknu tilliti til sannanlegs og réttmæts kostnaðar sem fellur til frá því að bifreið er komin í vörslu félagsins og þar til hún er seld. Við athugunina kom fram að félagið hyggst endurskoða samningsákvæði í bílasamningum varðandi uppgjör við neytendur og láta söluverð koma til frádráttar skuld í endanlegu uppgjöri.

Félaginu var einnig bent á að greina frá því með skýrum hætti í uppgjörbréfi að viðskiptavinur geti andmælt því verðmati sem sett er fram í uppgjörbréfi.